

Álftatalning í Lóni

Álft

Álft er fuglategund sem tilheyrir andfugli. Álftin er stærst íslenskra fugla, að vísu hefur haförn svipað vænghaf og álft en hann er töluvert styttri og vegur minna. Vænghaf fullorðinnar álftar er um 2,2 til 2,4 metrar, lengd hennar er 1,4 til 1,5 metrar og vegur fullorðin álft um 8 til 10 kíló.

Álftin heldur sig hvað mest á vötnum, tjörnum og í votlendi eins á ræktuðum löndum. Hún verpir í hólum og mýrum og eins upp á bökkum. Þó eru til dæmi um að hún verpi við bakka tjarna þó þær séu ekki upp á bakkanum sjálfum heldur í raun ofan í tjörninni með hreiður sitt (þar sem tjörnin er hvað grynnt). Álftin gerir sér hreiður úr ýmsum gróðri og líkist hreiður þeirra dyngju sem þær móta úr gróðri og fóðra svo með dúni sínum. Álftir notast iðulega við sömu stærð á hreiðri sínu. Þær verpa svo þremur til fimm eggjum og vegur hvert egg um 330 grömm og er stærð þeirra um 11,3 cm að lengd og 7,3 cm að breidd. Eggjaskurnin er hvít eða gulleit og er útungunartíminn 5 til 6 vikur. Ungarnir fæðast með dún og svo vaxa fjaðrir á þá sem eru gráleitar. Þegar ungarnir verða eldri breytist litur á fjörðum þeirra úr gráum yfir í hvítan lit, yfirleitt eftir þriðja ár þeirra.

Fullorðnar álftir eru með hvítar fjarðir, svartar lappir og gulleitan og svartan gogg.

Ungarnir verða ekki fleygir mjög snemma á lífstíð sinni miðað við aðrar tegundir fugla á Íslandi, það tekur álftarunga um 3 mánuði að ná tökum á þessu mikla vænghafi sínu og ná sér á loft. Það er svo ekki fyrr en um mánaðarmótin október, nóvember og fram í desember sem álftirnar fljúga til annarra landa þar sem vetrarstöðvar þeirra eru.



Álftin er í raun bæði farfugl og staðfugl, allflestar þeirra fljúga í burtu og koma aftur á vissum tíma en það er einnig alltaf einhverjar álftir sem verða eftir á Íslandi. Farfluglarnir fljúga til Íslands frá öðrum löndum í mars- og aprílmánuði, vartíminn er frá miðjum maí mánuði til byrjunar júní og er útungun í júní og júlí mánuðum.

Álftin er jurtaæta og lifir á vatnablöndum og grasi. Þær safnast gjarnan á grunn sjávarlón vegna þess að þar er auðvelt fyrir þær að ná til botns þar sem þær ná í fæðu til að lifa. Ágangur álfta á ræktuðu svæði hefur þó aukist gríðarlega seinustu ár og einnig hefur fjölgað í stofni hennar vegna þess að álftin er alfriðuð og er fólk sektað ef það næst við það að veiða fuglinn.

Álftir geta orðið ansi gamlar en elsta álftin sem staðfest er varð 26 ára og 6 mánaða. Jafnvel er talið að þær geti orðið töluvert eldri en það. Fjöldi álfta í janúar árið 2010 voru um 29 þúsund fuglar samkvæmt talningu. Frá árinu 1991 hefur fjölgun álfta verið um 2,5% á ári og er stofninn hér á landi talinn vera um 14-19% af Evrópustofni álfta.

Niðurstöður álftartalninga 2016

Þann 16. mars 2016 var farið upp í Lón austur af Hornafirði og álftir taldar á lóninu fyrir sunnan Eystrahorn. Góð veðurskilyrði voru til talninga, 7m/sek og +9°C.

Tafla 1: Álftatalning í Lóni

Ár	Staður 1: Austast	Staður 3: Útsýnispallur	Staður 5: Svínhólar	Vík: Tún	Alls
2010					5000
2011		4590	2300		6890
2012		5572	294		5866
2013	1217	180	471	464	2332
2014	Engar talningar	þetta árið			
2015	267	4852	267		5386
2016	174	38	767		979

Tafla 1: Niðurstöður álftatalninga í Lóni frá árunum 2010 til 2016.

Frá árunum 2010 til 2016 hefur verið farið upp í Lón og álftir taldar. Það er talið er á þremur stöðum sem eru staður 1 – Austast, Staður 3 – Útsýnispallur og Staður 5 – Svínhólar. Árið 2016 voru samtals 979 álftir taldar. Minnst af álftum var á stað 3 – Útsýnispalli eða 3,88% (n=38). Flestar álftir voru á stað 5 – Svínhólar eða 78,35% (n=767). Á stað 1 – Austast voru svo 17,77% (n=174) af heildarfjölda talinna álfta í Lóni.

Á sama svæði var talið árið 2015 og voru þá 4407 fleiri álftir en árið 2016. Árið 2015 voru því álftirnar á sama talningarsvæði alls 5386. Árið 2015 héldu flestar álftir sig á stað 3 – Útsýnispallur eða 4852 stykki og voru jafn margar á stað 1 – Austast og stað 5 – Svínhólum eða 267 stykki á sitthvorum staðnum.

Skýring á því hvers vegna minna var af fugli í ár en seinustu ár er vegna þess að stór hluti lónsins var ísilagður, talið er að um 95% lónsins hafi verið undir ís. Álftirnar sem sáu þennan dag sáu fyrst og fremst í vökum. Eins getur norðanátt og kuldi sem hefur verið í langan tíma átt sér skýringu á því að lítið af fugli er komið á þetta svæði.

Annað

Þegar farið var upp í Lón til þess að telja álftirnar var stoppað á þremur stöðum og talið. Byrjað var á Stað 1 – Austast, þar var farið úr rútunni, talið og aftur inn í rútuna og haldið að stað á annan talningarstað, Stað 3 – Útsýnispallinn. Frá útsýnispallinum var svo gengið suður með vatninu í tæpar 20 mínútur. Á þeirri gönguleið var öllu rusli safnað saman í poka sem gengið var fram á á þessari stuttu leið. Töluvert mikið rusl var á þessu litla svæði og var það mest plast. Mikið var um plastflöskur og eins kúlur sem eru notaðar á flotlínur.

Þegar haldið var svo heim á leið var stoppað í urðunarstað sveitarfélagsins í Lóni og það svæði skoðað lítillega. Þar var vel hægt að ímynda sér allt magnið af rusli sem var undir allri mölinni og eins allt ruslið sem mun á næstu árum fylla þessa einu holu sem eftir er á svæðinu. Nú þegar er um 10 metra lag er af rusli í jörðinni á þessu svæði sem safnast hefur frá heimilum og fyrirtækjum sveitarfélagsins. Ofan á þetta 10 metra lag er svo settur um einn metri af mól svo ruslið fjúki ekki út um allt og eins er það töluvert snyrtilegra að horfa einungis á mölina heldur en á hátt fjall af rusli.

Heimildir

Guðmundur Páll Ólafsson. (1988). *Fuglar í náttúru Íslands*. (Bl. 94-97). Reykjavík. Mál og menning.

Jón Már Halldórsson. „Hvað geta hrafnar, álftir og grágæsir náð háum aldri?“ *Vísindavefurinn*, 30. maí 2005. Sótt 14. mars 2016. <http://visindavefur.is/svar.php?id=5025>.

140. löggjafarþing 2011-2012. Þingskjal 1687 – 828. mál. *Svar umhverfisráðherra við fyrirspurn Ásmundar Einars Daðasonar um álftir*. Sótt 14. Mars 2016.
<http://www.althingi.is/altext/140/s/1687.html>